



## Erlendum ferðamönnum fækkað um 19,2% eftir brotthvarf Wow air

Fjöldi erlendra ferðamanna um Leifsstöð nam tæplega 442 þúsund manns á öðrum ársfjórðungi borið saman við 547 þúsund á sama fjórðungi í fyrra. Ferðamönnum fækkaði því um 105 þúsund eða 19,2%. Þetta er mun meiri fækkun en á fyrsta fjórðungi þegar hún nam 4,7%. Meiri fækkun á öðrum fjórðungi skýrist af brotthvarfi Wow air sem fór í þrot í lok mars. Á fyrri árshelmingi fækkaði ferðamönnum um 12,4%.

### Mesta fækkunin hjá Írum


Mesta hlutfallslega fækkunin á öðrum fjórðungi var hjá Írum, en þeim fækkaði um 43% milli ára. Ísraelsbúum fækkaði síðan um 41,7% milli ára en þar á eftir komu Norður-Ameríkuríkin; Kanada og Bandaríkin. Fækkunin hjá Kanadabúum var 33,2% en hún var ívið meiri hjá Bandaríkjamönnum eða 34,5%. Fækkun Bandaríkjamanna og Kanadabúa í júní var í góðu samræmi við þá fækkun sem var í apríl og maí en fækkun þessara þjóða hefur verið töluvert meiri en t.d. þjóða Evrópu eftir brotthvarf Wow air. Þennan mismun má skýra með meiri hlutdeild Wow air í flug til og frá Bandaríkjunum en Evrópu.

### Ferðamönnum nokkurra landa fjölgaði á öðrum fjórðungi

Þrátt fyrir almenna fækkun ferðamanna á öðrum ársfjórðungi hefur ferðamönnum ekki fækkað frá öllum löndum. Þannig eru nokkur lönd þar sem ferðamönnum fjölgaði á öðrum fjórðungi. Flestar þessar þjóðir eiga það þó sammerkt að vera fremur lítil hluti af þeim fjölda erlendra ferðamanna sem sækir landið heim.


Mesta fjölgunin var hjá Rússum en þeim fjölgaði um ríflega fjórðung frá sama tímabili árið áður. Fjölgun Rússa sem kemur til Íslands hefur verið mjög sveiflukennð á síðustu árum og hefur ekki fylgst að við almenna fjölgun annarra erlendra ferðamanna. Þannig fækkaði Rússum t.d. um tæplega fjórðung á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma fækkaði

### Erlendir ferðamenn um Leifsstöð




Heimild: Hagstofa Íslands

### Fjölgun ferðamanna á öðrum fjórðungi



Sýnir breyting frá sama tímabili í fyrra. Sýnir þær þjóðir þar sem fjölgunin var mest og minnst  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Erlendir ferðamenn um Leifsstöð



Fjölgun frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands




erlendum ferðamönnum í heild um 4,7%. Einnig kom til fækkun Rússa á fjórða ársfjórðungi síðasta árs þegar þeim fækkaði um tæplega 10% miðað við sama tímabil árið áður. Á sama tíma fjölgaði erlendum ferðamönnum í heild sinni um 5,4%. Kínverjum er tekið að fjölga aftur en þeim fækkaði á fyrsta og öðrum fjórðungi síðasta árs. Fjórðungurinn nú er sá fjórði í röð þar sem Kínverjum fjölgar frá sama tímabili árið áður.

### ***Bandaríkjamenn skýra mest af fækkuninni á fjórðungnum***

Bandaríkjamenn skýra langmest af heildarfækkun erlendra ferðamanna á öðrum ársfjórðungi en tæplega 60% af heildarfækkun erlendra ferðamanna má skýra með fækkun Bandaríkjamanna. Sé einungis horft á fækkun erlendra ferðamanna án Bandaríkjamanna nam hún 11,7% á öðrum fjórðungi. Bandaríkjamönnum hefur fjölgað mun meira á síðustu árum en sem nemur fjölgun annarra ferðamanna og hefur það aukið verulega vægi Bandaríkjamanna í heildarfjölda ferðamanna en 3 af hverjum 10 erlendu ferðamönnum sem sóttu landið heim í fyrra komu frá Bandaríkjunum. Hlutfall Bandaríkjamanna af heildarfjölda ferðamanna nam 26,8% á öðrum fjórðungi og þarf að fara aftur til annars fjórðungs 2010 til að finna lægra hlutfall en þá var það einungis ögn lægra eða 26,7%. Árið 2015 var hlutfallið 21,6%.

**Hlutfall Bandaríkjamanna í fjölda ferðamanna**



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.